Serbinn Milutin Milankovitch (1879–1958) sýndi með útreikningum samanlögð áhrif þessara þáttu (Milankovitch, 1920, 1941). Þýsk-rússneski veðurfræðingurinn Wladimir Köppen (1846–1940) og Milankovitch settu síðan fram þá kenningu, að þeir gætu valdið langvinnum breytingum og orsakað ísaldar. Þegar drægi úr sólgeislun á norðurhveli, svo að sumur þar yrðu köld, gæti snjór tekið að safnast fyrir, jökulbreiður og hafís vaxið og aukinn hluti sólgeislunar endurvarpast (Köppen og Wegener, 1924). Þessi tilgáta skýrir þó ekki, hvers vegna ísold er samtímis á báðum pólsvæðunum. Heildargeislun, sem berst til jarðar, helst hin sama, en hún dreifist mismunandi um jarðaryfirborð. Þegar annar helmingur hnattarins fær minni geislun, þá fær hinn aukna. Fræðimenn tóku reikningunum fálega, þeir bentu til þess, að loftslag hefði sveiflast oftar en greint hafði verið í jarðögum. Þegar ummerki um fjölmargar loftslagssveiflur fundust í djúphafsetti Kyrrahafsins á 7. áratug 20. aldar, sást hins vegar gott samræmi við líkanreikninga Milankovitch og kenninga hans og Köppens (Berger, 1988). Þá varð ljóst, að jökluskeiðin fjögur, sem kunn voru um aldamótin 1900, voru aðeins þau síðustu af 50 kuldaskeiðum ísaldar. Greinilega kom fram, að síðustu milljón ár hefur hitastig sveiflast reglubundið á 100 þúsund ára fresti, kuldaskeið skiptast á, rofin af stuttum hlýskeiðum (þegar allar þjárlar stjarnfræðilegu sveiflurnar verka saman). Gangi það enn eftir, mætti ætla, að kólni á næstu 20 þúsund árum, en mengun mannkyns á andrúmslofti gæti þó breytt því.

Nú er halddið, að sveiflur í styrk sólgeislunar (þótt litlar séu), sem Milankovitch lýsti, setji af stað langvinnar loftslagsbreytingar, og þær magnist við hringrás loft- og hafstrauma, sem stýra flutningi

varma og raka frá jarðarmiðju til pólsvæða. Stjarnfræðilegar orsakir séu upphaf frekar en full skýring á sveiflum kulda- og hlýskeiða (Thompson, 2021). Fleira þyrfti til þess að skýra, hvers vegna ísaldir væru samtímis á báðum heimshvelum. Er nú talið að flutningur varma með hafstraumum ráði þar mestu (Shakun og fl., 2012).

Lofthjúpurinn og veðurfar jarðar

Skilning eðlisfræðinga á áhrifum lofthjúps jarðar á veðurfar má einnig rekja til 19. aldar. Árið 1824 benti franski eðlis- og stærðfræðingurinn Jean-Baptiste Joseph Fourier (1768–1839) á, að andrúmsloftið hlyti að valda því, að hlýrra væri á jörðinni en ætla mætti, ef sólgeislun (sem hann kallaði bjarta geislun) réði því ein (Fourier, 1824). Ástæðuna taldi hann vera þá, að sólarorka kæmist auðveldlega í gegnum andrúmsloftið og vermdi yfirborð jarðar en geislun frá hlýrri jörðinni (myrk geislun, uppgötvuð um 1800, nú nefnd innrauð) kæmist ekki greiðlega upp í gegnum andrúmsloftið út í geiminn. Lofthjúpurinn næði að halda í varmaorkuna og verkaði sem hlý ábreiða utan um jörðina. Fourier ræddi ekki um efnasamsetningu andrúmslofta í þessum varmaskiptum, en hann taldi, að vatnsgufa í andrúmslofti réði miklu um hitastig þess.

Um miðja 19. öld sýndi bandaríski vísindamaðurinn Eunice Newton Foote (1819–1888) með tilraumum, að geislun frá sól hitaði loft í lokuðu röri mett-að koltvísýringi eða vatnsgufu meira heldur en purrt loft eða loft með vetni (Foote, 1856). Foote var því fyrst til að benda á tengsl styrks efna í andrúmslofti og loftslags jarðar. Kunnust var hún þó á sínum tíma sem kvenréttindakona (suffragetta) og listmálarí.

Írski eðlisfræðingurinn John Tyndall (1822–1893) sýndi með litrófsmælingum (árið 1859, væntanlega án þess að þekkja verk Foote (Jackson, 2019)), að af gastegundum í andrúmslofti drægju vatnsgufa og koltvísýringur mest til sín af varmageislun frá jörðu; þau næðu að fanga mestalla geislun frá innrauðum bylgjulengdum og væru á þann hátt ógegensæ (Tyndall, 1861). Þessar tvær gastegundir réðu því mestu um, hvert hitastig andrúmsloftsins væri, - og vatnsgufan tvísvar til þrisvar sinnum meira en koltvísýringurinn, að hans mati. Án vatnsgufu í andrúmslofti risi sól hvern dag yfir helfrosinni jörð. John Tyndall var frum-

herji í jöklafraði, höfundur rits um jöklar í Ölpunum og frækinn fjallgöngumaður. Hann ræddi um hreyfingu jöklar, og honum var vel kunnugt um þykka jöklar, sem þakið höfðu nyrstu lönd Evrópu.

Foote og Tyndall vissu, að koltvísýringsstyrkur í andrúmslofti hafði aukist við kolabrennslu allt frá iðnbýtingu, og að koltvísýringur gæti valdið jarðarhlýnum. Pau töldu, að þetta kæmi sér vel fyrir vöxt plantna og yki fæðu fyrir mannkynið. Á köldum árum 19. aldar höfðu menn þó áhyggjur af því, að framundan væri kuldaskeið. Flestum þótti, að ein gastegund ylli ekki tiltakanlegum loftslagsbreytingum. Það var ekki fyrr en um miðja 20. öld, að menn tóku að ræða af alvöru, hvort mannkynið kynni að valda skaðlegri hlýnum jarðar með kolabrennslu.

Líkön um áhrif koltvísýrings á loftslag

Rétt fyrir aldamótin 1900 var mikil umræða um orsakir ísaldar í Efnafræðifélagi Svíþjóðar (Kemistsamfundet). Athygli beindist að breytingum í efnasamsetningu andrúmslofta og á loftslag, einkum koltvísýrings, vegna þess að styrkur hans gæti hafa breyst á löngum tíma við efnahvörf milli bergs, hafs, lofta og lífríkis. Jarðfræðingurinn Arvid Gustaf Högbom (1857–1940) birti grein um langvinnar og hægvirkar breytingar, sem orðið hefðu á koltvísýringsstyrk í andrúmslofti á tímiskeiðum jarðsögunnar (Högbom, 1894). Hann greindi frá því, að koltvísýringur væri bundinn í setlögum og plöntum, og haf drægi hann til sín; einnig hvernig veðrun bergs og eldvirkni bæru koltvísýring til andrúmsloftsins. Högbom taldi að koltvísýringsstyrkur andrúmsloftsins hefði sveiflast verulega, jafnvel orðið margfalt meiri og einnig minni en nú. Högbom benti á, að aukinn koltvísýringsstyrkur vegna brennslu kola frá upphafi iðnbýtingar væri þegar orðinn jafn því, sem hann gæti áður hafa verið af náttúrulegum orsökum.

Árið 1899 ritaði bandaríski jarðfræðingurinn Thomas Chrowder Chamberlin (1843–1928) ítarlega grein um hrингrás koltvísýrings á jörðinni, í hafi og lofti, bæði á jökluskeiðum og hlýskeiðum (Chamberlin, 1899). Hann setti fram tilgátur um sveiflur í koltvísýringsstyrk andrúmsloftsins, hvernig styrkurinn minnkaði á jökluskeiðum, þegar koltvísýringur í hafi væri lokaður undir haffs, en leitaði upp til

andrúmsloftsins, þegar hafís hyrfi, og það flýtti fyrir hlýnun. Veðurfræðingurinn Nils Gustaf Ekholm (1848–1923) kynnti í Efnafraðifélagi Svíþjóðar (1893 og 1899) stjarnfræðilegar og veðurfræðilegar aðstæður, sem gætu hafa valdið ísöldum. Hann taldi langtímasveiflur í sólargeislun ekki meðal þeirra (Ekholm, 1901).

Í framhaldi af fyrirlestrum og greinum Högboms og Ekholms birti eðlisefnafræðingurinn Svante Arrhenius (1859–1927) líkanreikninga um breytingar í styrk koltvísýrings í andrúmslofti og orku geislunar, sem berst að yfirborði jarðar (Arrhenius, 1896, 1901, 1903). Arrhenius taldi, að helmingaðist styrkur koltvísýrings, gæti hitastig yfirborðs jarðar lækkað um 4–5°C að jafnaði yfir allar breiddargráður jarðar, en það væri jafnt þeirri kólunun frá núverandi loftslagi, sem orðið hefði á síðasta jökulskeiði. Tvöföldun koltvísýringsstyrks gæti hins vegar hækkað hitastigið um 5°C. Arrhenius áleit að styrkur koltvísýrings gæti bæði haft áhrif á hitastig og raka í andrúmsloftinu. Við lægri styrk kólnaði, uppgufun vatns minnkaði, raki héldist síður í lofti, rigning og snjókoma ykjust, fannbreiður stækkuðu, og jörðin varpaði frá sér æ meiru af sólgelisuninni, svo að enn kólnaði. Jafnvel lítil kólunun gæti sett keðjuverkun af stað og valdið ísöld. Arrhenius hélt, að þótt líkan hans væri einfalt, hefði hann bent á meginatriði, sem skýrðu komu ísalda á norðurhveli jarðar. Á hinn bógginn gæti orðið hnattræn hlýnun við aukinn styrk koltvísýrings og vatnsgufa haldist mikil í andrúmslofti, -lofttegund, sem réði mestu um, hve hlýtt loft væri. Þá gat hann (1903) þess, að brennsla mannkyns á jarðefnaeldsneyti vegna iðnaðar gæti aukið styrk koltvísýrings markvert á nokkrum hundruðum ára.

Arrhenius reiknaði með því, að styrkur innrauðrar geislunar frá jörðinni væri svipaður og frá tunglinu (hnetti án lofthjúps), en hana hafði bandaríski stjórnunfræðingurinn Samuel Pierpoint Langley (1834–1906) mælt frá fullu tungli (Langley, 1889). Arrhenius mat, hvernig slík geislun dofnar við aukinn loftraka í andrúmslofti jarðar. Gustaf Ekholm studdi kenningu Arrheniusar og taldi, að breytingar í styrk koltvísýrings í andrúmslofti væru mun áhrifameiri en langtíma sveiflur í sólgelisun, sem bærlist til jarðar. Ekholm (1901) útskýrði vel, hvers vegna innrauð geislun frá jörðu

ætti ekki greiða leið upp í gegnum andrúmsloftið, heldur endurvarpaðist hún frá hverju hlýju og röku laginu af öðru og slyppi ekki út í geim fyrr en frá lögum efst í lofthjúpnum, þar sem loft er þynnra og kaldara, en nær yfirborði jarðar. Ekki mætti líta á andrúmsloftið sem einfalt lag. Ekholm taldi jafnframt, að mannkynið gæti haft áhrif á loftslag á komandi tínum með því að stjórna koltvísýringsstyrk í andrúmsloftinu. Ekholm fór fyrir leiðangri Svíá til Svalbarða á fyrsta alþjóðlega jarðeðlisfræðíárinu 1882–1883. Til stóð, að hann færi árið 1897 í heimskautaferð Salomon August Andréé (1854–1897), sem ætlað var að komast til norðurpólsins, en hann hvarf frá því vegna ágreinings við Andréé um öryggi loftbelgsins. Ekholm var upphafsmáður að stormviðvörunum Svíá.

Eðlisfræðingurinn Knut Johan Ångström (1857–1910) gagnrýndi líkan Arrheniusar og taldi, að vatnsgufa og koltvísýringur drægju til sín innrauða geislun á sömu bylgjulengdum. Koltvísýringur myndi litlu bæta við það, sem vatnsgufa hefði þegar dregið til sín (Ångström, 1900, 1901). Gagnrýni Ångströms réði miklu um, að fram á miðja 20. öld töldu menn, að aukinn koltvísýringur í andrúmslofti ylli ekki hlýnun þess (sjá t.d. Brooks, 1926; Simpson, 1938–40). Veðurfræðingar bentu einnig á, að líkan Arrheniusar væri mikil einföldun á flóknum varmaflutningi um jörðina, líkanið fengist eingöngu við geislun, en liti ekki til þess, hvernig skýjahula breyttist við hlýnun. Ský gætu stillt af hitastig andrúmslofts, ský endurvarpa sólgeislun, og við það kólnar, en hins vegar drægju þau til sín innrauða geislun og við það hlýnaði, – þótt því væru reyndar takmörk sett, vegna þess að vatnsgufan þéttist og fellur til jarðar sem úrkoma. Engin ferli geta stöðugt aukið vatnsgufu í andrúmslofti, - magn hennar í lofthjúpnum er jafnt úrkому, sem fellur á jörðina á einni viku. Vatnsgufan er eina gastegundin í loftahjúpnum, sem getur orðið að vökvá á jörðu niðri.

Vísindamenn bentu á, að líkan Arrheniusar fjallaði ekki um flutning varma með haf- og loftstraumum (sjá umræðu í grein Helga Björnssonar, 2023). Ennfremur lýsti líkan hans ekki uppstreymi varma til efri hvolfa andrúmslofts. Þá töldu fræðimenn, að hafið og gróður, svo sem skógur og myrar, gætu tekio við gastegundum úr andrúmsloftinu, þar með talið koltvísýringi, þannig að efnajafnvægi héldist milli

hafs, lands og lofthjúps jarðar. Alla jarðsöguna hefði náðst jafnvægi í hringrás efna og orku um hin ýmsu hvel hnattarins, hafs, lífríkis og andrúmslofts, og ætla mætti, að svo yrði enn. Um miðja 20. öld var jafnvel rætt um, að farga mætti í sjóinn geislavirkum úrgangi frá kjarnorkuverum, því lengi tæki sjórinn við.

Laust fyrir upphaf seinni heimsstyrjaldar endurvakti breski verkfæðingurinn Callendar (1898–1964) umræðu um kenningar Arrheniusar (Callendar, 1938). Áður hafði bandaríski eðlisfæðingurinn Edward Olson Hulbert (1890–19) stutt þá kenningu, að lækkun í koltvísingsstyrks ylli ísöldum (Hulbert, 1931). Callendar tók saman skrá um hitamælingar víða á jörðinni frá 1885 og sagði þær sýna greinilega hlýnun, og að þær félлу vel að líkanreikningum um hlýnun jarðar vegna aukins styrks koltvísýrings, sem hann taldi hafa aukist um 10% á undanförnum 50 árum (Callendar, 1958, 1961). Enn efuðust þó flestir veðurfræðingar um, að gastegund ylli loftslagsbreytingum.

Upp úr 1940 urðu framfarir í litrófsmælingum, og í ljós kom, að á breiðu tíðnisviði er ekki full skörun milli ísogs (absorption) vatnsgufu og koltvíoxíðs. Kanadamaðurinn Gilbert Norman Plass (1920–2004) dró árið 1955 saman niðurstöður líkanreikninga af geislun í andrúmslofti og lýsti eiginleikum hvers lags í andrúmsloftinu, og að efst hefði vatnsgufa lítil áhrif á geislun (Plass 1956a,b,c,d; 1959). Plass taldi, að ljóst væri orðið, að við aukinn styrk koltvísýrings í lofthjúpnum, slyppi æ minna af innrauðri geislun frá jörðinni. Að mati hans mundi andrúmsloftið hlýna um 1 °C á 20. öldinni, ef styrkur koltvísýrings yxi um briðjung, en 3,6 °C, ef hann tvöfaltaðist.

Menn beindu nú athygli sinni að því, hve hröð hringrás kolefnis væri um jörðina, höf og andrúmsloft. Huga þurfti annars vegar að efnaskiptum milli andrúmslofts og sjávar og hins vegar blöndun efna með hafstraumum (Weart, 2024). Einn af þeim, sem leiddi þessar rannsóknir, var bandaríski haffræðingurinn Roger Revelle (1909–1991), en hann stýrði Scripps hafrannsóknastofnuninni í Californíu og vann að rannsóknum fyrir bandarísku herinn á dögum kalda stríðsins. Á þessum árum árum uxu áhyggjur manna af mengun frá geislavirkum úrgangi og dreifingu geislavirkra efna frá kjarnorkusprengingum. Árið 1955 greindi rannsóknarhópur Revelles frá því, að

geislavirk efni frá kjarnorkusprengingum neðansjávar þynntust ekki út í sjónum heldur söfnuðust í þunnt lag á yfirborði hafsins.

Ný tækni, sem nú varð tiltæk, var aldursgreining sýna með mælingum á styrk geislakols C¹⁴ í þeim. Austurísk-bandaríski efnafraðingurinn Hans Suess (1909–1993) birti niðurstöður, sem bentu til þess að hlutfall geislavirkra og ógeislavirkra samsætna kolefnis í andrúmsloftinu hefði breyst (Suess, 1953). Geislavirkra samsætan C¹⁴ myndast stöðugt hátt í lofthjúpnum, þegar geimgeislar rekast á köfnunarefnisatom, N. Suess vann að aldursgreiningu trjáa með samanburði á fjölda árshringa í trjáviði og styrks geislakols C¹⁴ í trjáviðnum. Hann skráði einnig hlutfall geislavirku samsætnunnar C¹⁴ og ógeislavirku samsætnanna C¹² og C¹³. Þetta hlutfall hefur breyst með tíma. Því yngri sem trén voru þeim mun hærra var hlutfall af gömlu ógeislavirku kolefni í þeim. Hann ályktaði, að vegna bruna gamals jarðefnaeldsneytis væri nú meira af kolefni í andrúmsloftinu, sem öll geislavirkni væri horfin úr (það væri eldra en 50 þúsund ára). Jurtir, sem hefðu legið í jörðu í milljónir ára og orðið að kolum og olfu, hefðu misst alla geislavirkni. Þessa tækni vildu menn nú nota til að kanna, hvernig koltvísýringur leystist upp í grunnu vatni, og hvernig hann blandaðist öllu hafinu. Menn vissu, að þegar hlutþrýstingur koltvísýrings í sjó vex, bregst sjórinn svo við, að hann súrnar og gefur frá sér koltvísýring. Enginn vissi, hve langur dvalartími kolefnis úr andrúmslofti í sjó væri, nokkrar stundir eða 1000 ár. Eins var lítið vitað um blöndun sjávarvatns. Reynslan af geislavirku efnunum frá kjarnorkusprengingum í sjó benti til þess, að þau gaetu legið í grunnum sjó í mörg ár og blönduðust seint í dýpra sjávarvatn. Með geislakolsmælingum gátu menn nú álykt-að, að meðalævi koltvísýringsameindar í andrúmsloftinu væri um 10 ár, þar til hún leystist upp í sjó. Hins vegar tæki það nokkur hundruð ár, að kolefnið dreifist um allt vatn í hafinu. Samt var það almennt mat manna, að hafið næði að draga til sín allan koltvísýring, sem líklegt væri, að bærist til andrúmslofts frá iðnaði á komandi árum. Ekki þyrfti að hafa áhyggjur af því, að aukinn styrkur koltvísýrings í andrúmslofti breytti loftslagi. Á sama tíma urðu menn þó varir við, að styrkur koltvísýrings í lofti fór vaxandi. Revelle

hafði bakþanka. Pótt sjórinn taki við meiri koltvísýringi úr andrúmslofti, bregst hann til varnar súrnuninni og skilar koltvísýringi til baka. Það væri því styrkur koltvísýrings í andrúmsloftinu, sem réði styrknum í sjónum, en ekki öfugt. Hann benti á þennan veikleika á ráðstefnu 1957, en setti það ekki beint fram í grein, sem hann birti það ár (Weart, 2024). Í greininni (Revelle og Suess, 1957) sagði hann þó: „Mannkynið er að gera jarðeðlisfræðilega tilraun í stærri stíl en áður var gerlegt, og verður ekki endurtekin“.

Tveimur árum síðar skýrðu svo sánsku veðurfræðingarnir Bert Bolin (1925–2010) og Erik Eriksson (1917–2019) endanlega, hvers vegna saltur sjór er tregur til að taka við koltvísýringi úr andrúmslofti (Bolin og Eriksson, 1959a,b). Þeir greindu frá því, að hröð blöndun milli andrúmlofts og sjávar væri að eins í efstu 2% hafssins. Síðan hefur mönnum verið ljóst, að ekki væri unnt að treysta á, að höfin tækju nægilega hratt við síauknum útblæstri koltvísýrings frá iðnaði. Dvalartími koltvísýrings og metans í andrúmslofti væri svo langur, að áhrifa þeirra á langbylgjugeislun frá jörðu myndi gæta í andrúmslofti í hundruð ára, jafnvel þótt tækist að stöðva útblástur þeirra. Tregðu sjávar að taka við vaxandi útblæstri koltvísýrings í lofti er nú lýst með svonefndum „Revelle factor“ til heiðurs Revelle.

Á alþjóðlega jarðeðlisfræðiárinu 1957 hófust reglubundnar mælingar á styrk koltvísýrings í andrúmslofti á Suðurskautslandinu og á Mauna Loa á Hawaii í Kyrrahafinu, fjarri mengun frá iðnaði. Fljóttlega kom í ljós, að styrkur koltvísýrings óx þarna með hverju ári. Fyrir iðnþyltingu var hann 280 ppm (milljónstu rúmmálshlutar), en hafði árið 2024 náð 427 ppm á Mauna Loa (Keeling og fl., 1976; <https://arctic-news.blogspot.com/2024/08/carbon-dioxide-growing-rapidly.html>).

Bert Bolin kallaði saman vísindamenn til alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir á orsökum hnattrænnar hlýnumar (Bolin, 2007). Hann varð árið 1988 fyrsti formaður alþjóðanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPPC), en nefndin hlaut friðarverðlaun Nóbels 2007 fyrir skilning á hnattrænum loftslagsbreytingum af mannavöldum, og fyrir að hafa kynnt þann skilning almenningu og lagt á ráðin um aðgerðir gegn þessari hlýnumar jarðar.

Á sjötta áratug 20. aldar urðu miklar framfarir við gerð tölvulkana í veðurspám. Japansk-bandaríski eðlisfraeðingurinn Syukuro Manabe hóf þá að nota slík líkön við rannsóknir á loftslagsbreytingum. Líkönin tengdu saman haf og andrúmsloft um alla jörðina, útskýrðu myndun skýja og flutningi raka og varma (t.d. Manabe og Strickler, 1964; Manabe og Wetherald, 1967; Manabe og Bryan, 1969). Fram kom, að aukinn styrkur koltvísýrings leiðir til hlýnumar og uppgufunar vatns, og andrúmsloftið hlýnar umfram það sem skýra má eingöngu með auknum koltvísýringsstyrks (neft water vapor feedback). Fyrir framlag sitt til þessara rannsókna hlaut Syukuro Manabe Nóbelsverðlaun í eðlisfræði 2021. Var þá komin heildarmynd af áhrifum vatnsgufu og koltvísýrings á loftslag jarðar, sem Eunice Foote, Tyndall og Arrhenius höfðu lagt grunn að.

Lokaorð

Einfalt líkan Arrheniusar af áhrifum koltvísýringsstyrks á loftslag jarðar reyndist lýsa vel megin-áhrifum loftmengunar mannkyns vegna jarðefnaleidnsneytisbrennslu. Sjálfur spáði hann því ekki, að fram undan væri veruleg loftslagshlýnum, enda gat hann ekki órað fyrir því, að koltvísýringur í andrúmslofti ykist með þeim hraða, sem varð eftir seinni heimsstyrjöld við brennslu kola, olíu og jarðgass.

Páttur jöklafraeðinga í rannsóknum á loftslagsbreytingum hefur verið mikill. Rýrnun jöklar um allan heim er vitnisburður um hnattræna andrúmsloftshlýnum. Það leyndi sér ekki upp úr 1980. Flutningur varma um hnöttinn hafði aukist, bæði í lofti og hafi, frá miðlægum breiddargráðum til norðlægra pólsvæða. Vestanvindabeltið hafði færst nær heimskautum. Öfgar jukust í veðri, hitabylgjur og flóð urðu tíðari. Æ fleiri hitamet voru slegin, en fram til þessa þótti skorta veðurathuganir til að skera úr um, hvort hlýnum væri mismunandi eftir árstíðum og hvort hún væri hnattræn eða bundin við afmörkuð svæði jarðar.

Um 2010 var þó orðið augljóst, að á norðurheimskautsslóðum bráðnaði hafís hraðar en hann hafði gert s.l. 10 þúsund ár. Þá var orðið greinilegt, að flutningur varma um hnöttinn, bæði um haf og loft, frá trópiskum svæðum og miðlægum breiddargráðum til norðlægra pólsvæða hafði breyst verulega, frá því sem var.

Við bráðnun snævar kom land undan jöklí og dró úr endurkasti sólgeislunar frá yfirborði jarðar. Hringrás andrúmslofts og varmaflutningur um haf breyttust. Mest hlýnaði á haustin, að vetri og vori við strendur Evrasíu og Alaska, og hafís varð æ minni að hausti. Sumarsól vermdi hafið, andrúmsloftið hlýnaði langt fram á haust. Snjór bráðnaði fyrr á vorin, og hann féll síðar að hausti. Hafís hvarf jafnvel á sumrin við strendur Evrasíu og Alaska. Hafið fékk aukna sumargeislun og hlýnaði. Þegar ís lagði loks að vetrí, náði varmi í hafi hins vegar ekki lengur til andrúmslofts. Allt hefur þetta valdið því, að hlýnum hefur orðið tvöfalt til þrefalt meiri á heimskautsvæðum en annars staðar á jörðinni. Í þessu skilningi má skýra niðurstöður Hans Ahlmann um hlýnum pólsvæða á fyrri hluta síðustu aldar. Hlýnumin kallast nú „arctic amplification“.

Eftir aldamótin 2000 herti á rýrnun Grænlandsjöklus og jökulbreiðu vesturhluta Suðurskautslandsins. Sjávarborð reis 4.5 mm árið 2023, helmingur þess er vegna rýrnunar jöкла (Hamlington og fl., 2024). Hækken sjávarborðs er ein ógvnælegasta afleiðing hnattrænnar hlýnumar. Vegna hlýnumar andrúmslofts og hafstrauma eykst bráðnun íspilja sem kelfa frá vesturhluta Suðurskautslandsins og Grænlandi. Þar sem botni hallar inn að landi getur hækken sjávarborðs lyft stöðugt stærri hluta íspiljanna á flot og þær orðið óstöðugar, kelfing aukist hratt (Mercer, 1978; Jougin og Alley, 2011), en einnig hert á skriði íspekjunnar til sjávar vegna þess að fyrirstaða minnkari. Jöklafraðingar óttast því að sjávarborð gæti risið um 60 cm til loka 21. aldar og 3 m fyrir 2200. Það hefði skelfileg áhrif í strandhéruðum um allan heim.

Pakkir

Ritrynendur bentu á margt, sem betur mátti fara og eru þeim færðar bestu þakkir.

REFERENCES/HEIMILDIR

- Adhémar, J. 1842. *Révolutions de la mer*. Paris, Carilian-Goeury and Dalmont.
- Agassiz, L. 1840. Études sur les glaciers. Neuch Betannier. English edition: Agassiz, L. 1967. Studies on glaciers. Preceded by discourse of Neuchâtel (1837). Carozzi, A., Transl.) New York, Hafner. Alley, 2011
- Arrhenius, S. 1896. Über den Einfluss des Atmosphärischen Kohlensäuregehalts auf die Temperatur der Erdoberfläche. In: *Proceedings of the Royal Swedish Academy of Science*, 22, I N. 1, 1–101.
- Arrhenius, S. 1896 On the influence of carbonic acid in the air upon the temperature of the ground. *London, Edinburgh, and Dublin Philosophical Magazine and Journal of Science* 41, 237–275.
- Arrhenius, S. 1901. Über die Wärmeabsorption durch Kohlensäure und ihren Einfluss auf die Temperatur der Erdoberfläche. *Annalen der Physik* 4, 690–705. – *Proceedings of the Royal Academy of Science* 58, 25–58.
- Arrhenius, S. 1903. *Lehrbuch der kosmischen Physik* 1, 2, Leipzig, Hirzel.
- Ångström K. 1900. Über die Bedeutung des Wasserdampfes und der Kohlensäure bei der Absorption der Erdatmosphäre. *Annalen der Physik* 308 (12), 720–732.
- Ångström K. 1901. Knut Ångström on atmospheric absorption. *Atmospheric Absorption Monthly Weather Review* 29(6), 268.
- Berger, A. 1988. Milankovitch Theory and Climate. *Reviews of Geophysics* 26(4), 624–657.
- Björnsson, H. 2023. Jöklarannsóknir Hans Ahlmann og samstarfsmanna á öndverðri 20. öld. *Jökull* 73, 101–116.
- Bolin, B. and E. Eriksson 1959a. Changes in the carbon dioxide content of the atmosphere and sea due to fossil fuel combustion. In: *The atmosphere and the sea in motion*. Bolin, B. (ed.), p. 130–142. New York, Rockefeller Institute Press.
- Bolin B. and E. Eriksson 1959b. On the exchange of carbon dioxide between the atmosphere and the sea. *Tellus* 12, 274–281.
- Bolin, B. 2007. *A history of the science and politics of climate change. The role of the Intergovernmental panel on climate change*. Cambridge University Press, Cambridge, UK, 277 pp.
- Brooks, C. E. P. 1926. *Climate through the Ages: A Study of the Climatic Factors and their Variations*. New York, Coleman.
- Callendar, G. S. 1938 The artificial production of carbon dioxide and its influence on temperature. *Quarterly J. Royal Meteorological Society* 64, 223–240.
- Callendar, G. S. 1958. On the amount of carbon dioxide in the atmosphere. *Tellus* 10, (2), 243–248.

- Callendar, G. S. 1961. Temperature fluctuations and trends over the Earth. *Quarterly J. Royal Meteorological Society* 87, 371, 1–12.
- Chamberlin, C. T. 1899. An attempt to frame a working hypothesis of the cause of glacial periods on an atmospheric basis. *J. Geology* 7(8), 751–787; 7, 545–584, 667–685, 751–787
- Croll, J. 1864. On the physical cause of the change of climate during geological epochs. *Philosophical Magazine and J. Science* 27, 121–137.
- De Geer, G. 1912. *A geochronology of the last 12,000 years*. In: Congress geological international Stockholm 1910. C. R. 241–253.
- Ekhholm, N. 1901. On the variations of the climate of the geological and historical past and their causes. *Quarterly J. Royal Meteorological Society* 27, 117, 1–62
- Emiliani, C. P. 1966. Paleotemperature analysis of Caribbean cores P6304-8 and P6304-9 and a generalized temperature curve for the past 425,000 years. *J. Geology* 74, 109–126.
- Foote, E. 1856. Circumstances affecting the heat of the sun's rays. *The American J. of Science and Arts*. New York, 22 (66), 382–383.
- Fourier, J. B. J. 1824. Remarques générales sur les températures du globe terrestre et des espaces planétaires. *Annales de Chimie et de Physique*. 27, 136–167.
- Hamlington, B.D., A. Bellas-Manley, J.K. Willis, S. Fournier, N. Vinogradova, R.S. Nerem, C.G. Piecuch, P.R. Thompson and R. Kopp 2024. The rate of global sea level rise doubled during the past three decades. *Comm. Earth Environ.* 5, 601. <https://doi.org/10.1038/s43247-024-01761-5>
- Hestmark, G. 2018. Jens Esmark's mountain glacier traverse 1823 – the key to his discovery of ice ages. *Boreas* 47, 1–10.
- Hulbert, E. O. 1931 The temperature of the lower atmosphere of the Earth. *Phys. Rev.* 38, 1876–1890.
- Högblom, A., 1894. Om sannolikheten för sekulära förändringar i atmosfärens kolsyrehalt. *Svensk kemisk Tidskrift* 6, 169–177.
- Jackson, R. 2019. Eunice Foote, John Tyndall and a question of priority. *The Royal Society of the history of science*. <https://doi.org/10.1098/rsnr.2018.0066>
- Joughin, I. and R. B. Alley 2011. Stability of the West Antarctic ice sheet in a warming world. *Nature Geoscience* 4(8), 506–513.
- Keeling, C. D. 1970. Is carbon dioxide from fossil fuel changing man's environment? *Proceedings of the American Philosophical Society*. 114 (1), 10–17.
- Keeling, C. D., R. B. Bacastow, A. E. Bainbridge, C. A. Ekdahl Jr., P. R. Guenther, L. S. Waterman and J. F. S. Chin 1976. Atmospheric carbon dioxide variations at Mauna Loa Observatory, Hawaii. *Tellus* 28, 538–551.
- Köppen, W. and A. Wegener 1924. *Die Klimate der Geologischen Vorzeit*. Berlin. Gebruder Borntraeger.
- Langley, S. P. 1889. Temperature of the Moon. *American J. Science* 3–38 (228), 421–439.
- Manabe, S. and R. F. Strickler 1964. Thermal equilibrium of the atmosphere with a convective adjustment. *Atmospheric Science* 21, 361–385.
- Manabe, S. and R. T. Wetherald 1967. Thermal equilibrium of the atmosphere with a given distribution of relative humidity. *J. Atmospheric Science* 24 (3), 241–259.
- Manabe, S. and K. Bryan 1969. Climate calculations with a combined ocean-atmosphere model. *J. Atmospheric Science* 26, 786–789. [https://doi.org/10.1175/1520-0469\(1969\)026<0786:CCWACO>2.0.CO;2](https://doi.org/10.1175/1520-0469(1969)026<0786:CCWACO>2.0.CO;2)
- Mercer, J. H. 1978. West Antarctic Ice Sheet and CO₂ Greenhouse effect – threat of disaster. *Nature* 271 (5643), 321–325.
- Milankovitch, M. M. 1920. Théorie mathématique des phénomènes thermiques produits par la radiation solaire. *Academie Yougoslave des Sciences et des Arts de Zagreb*, Gauthier-Villars, Paris.
- Milankovitch, M. 1941. *Kanon der Erdbeleuchtung und seine Anwendung auf das Eiszeitenproblem*. Belgrade: Königliche Serbische Akademie.
- Penck, A. and E. Brückner 1909. *Die Alpen im Eiszeitalter*. Leipzig; Tauchnitz.
- Plass, G. N. 1956a. The carbon dioxide theory of climate change. *Tellus* 8, 140–154.
- Plass, G. N. 1956b. Infrared radiation in the atmosphere. *American J. Physics*. 24(5) 303–321.
- Plass, G. N. 1956c. Carbon dioxide and the climate. *American Scientist* 44, 302–316.
- Plass, G. N. 1956d. Effect of carbon dioxide variations on climate. *American J. Physics*. 24 (5), 376–387. <https://doi.org/10.1119/1.1934233>
- Plass, G. N. 1959. Carbon dioxide and climate. *Scientific American*. July, p. 41–47.
- Revelle, R. and H.E. Suess 1957. Carbon dioxide exchange between atmosphere and ocean and the question of an increase of atmospheric CO₂ during the past decades. *Tellus* 9, 18–27.

Helgi Björnsson

- Shakun, J.D., P.U. Clark, F. He, S.A. Marcott, A.C. Mix, Z. Liu, Z., B. Otto-Bliesner, A. Schmittner and E. Bard 2012. Global warming preceded by increasing carbon dioxide concentrations during the last deglaciation. *Nature* 484, 49–54. <https://doi.org/10.1038/nature10915>
- Simpson, G.C. 1938–40. Possible Causes of Change in Climate and Their Limitations. *Quarterly Journal of the Royal Meteorological Society. Proceedings of the Linnean Society of London*.
- Suess, H.E. 1953. Natural radiocarbon and the rate of exchange of carbon dioxide between the atmosphere and the sea. In: Aldrich, L.T., (ed.), *Proceedings of Conference on Nuclear Processes in Geological Settings. National Research Council Publications, Commission on Nuclear Science* 1, 52–56.
- Tyndall, J. 1861. On the absorption and radiation of heat by gases and vapours, and on the physical connection of radiation, absorption, and conduction. *Philosophical Magazine* Ser. 4, 22, 169–194, 273–285. <https://doi.org/10.1119/1.1934233>
- Tinkler, K.J. 1985, 2020. *A short history of geomorphology*. Routledge, 338 pp.
- Thompson, R. 2021. Croll, feedback mechanisms, climate change and the future. *Earth and Environmental Science Transactions of the Royal Society of Edinburgh* 112 (3-4), 1–19.
- Wenetz-Sitten, 1861. Mémoire sur l'extensions des anciens glaciers, renfermant quelques explications sur leur effets remarquables. *Nouveaux Mémoires de la Société Helvétique des Sciences Naturelles* 18, Zurich.
- Weart, S. 2008. The Discovery of Global Warming. <https://history.aip.org/climate/index.htm>
- <https://history.aip.org/climate/Revelle.htm>
<https://www.stjornufraedi.is/solkerfid/jordin/>
<https://earthobservatory.nasa.gov/features/Milankovitch>
<https://arctic-news.blogspot.com/2024/08/carbon-dioxide-growing-rapidly.html>